# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 28. febrúar kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 763. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Ólafur Melsted.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Guðlaug Erna Jónsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Lilja Grétarsdóttir, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Björn Ingi Edvardsson og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Hólmgarður 30,** *Ris, kvistur og svalir* (01.818.305) Mál nr. BN057238 Skjalnr. 14239

Konráð Valur Gíslason, Hólmgarður 30, 108 Reykjavík
Sif Sveinsdóttir, Hólmgarður 30, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka ris, byggja kvisti, bæta við svölum til suðurs, síkka glugga á 1. hæð og breyta í hurðir, fjarlægja burðarveggi á 1. og 2. hæð, lyfta gólfi í þvottahúsi sem er sameign og skipta því á milli eignarhluta tvíbýlishúss á lóð nr. 30 við Hólmgarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
Stækkun: 54.2 fermm., 107.8 rúmm. Nýtingarhlutfall 0.5. Erindi fylgir þinglýst samþykki meðeigenda dags. 22. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

2. **Hólmgarður 33,** *Hækka hús - innrétta ris* (01.819.009) Mál nr. BN057160 Skjalnr. 14240

Elísabet Jónsdóttir, Dalsel 33, 109 Reykjavík
Jóhann Marel Viðarsson, Hólmgarður 33, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, innrétta íbúðarrými í risi auk þess sem svalir eru settar út frá kvistum sem snúa til suðurs, baðherbergi stækkað og geymslu komið fyrir í stigagangi, á 2. hæð í húsi á lóð nr. 33 við Hólmgarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda hús nr. 33 dags. 27. janúar 2020 og samþykki eigenda á nr. 33 og 35 dags. 30. janúar 2020. Stækkun húss er: 109,3 ferm., 36,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

3. **Hólmgarður 35,** *Hækka hús - innrétta ris* (01.819.010) Mál nr. BN057161 Skjalnr. 14241

Þórhallur Ágústsson, Brekkugerði 11, 108 Reykjavík
Helga Birna Brynjólfsdóttir, Brekkugerði 11, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, innrétta íbúðarrými í risi auk þess sem svalir eru settar út frá kvistum sem snúa til suðurs, baðherbergi stækkað og geymslu komið fyrir í stigagangi, á 2. hæð í húsi á lóð nr. 35 við Hólmgarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda hús nr. 35 dags. 27. janúar 2020 og samþykki eigenda á nr. 33 og 35 dags. 30. janúar 2020. Stækkun húss er: 109,3 ferm., 36,8 rúmm.
Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

4. **Langholtsvegur 182,** *(fsp) kvistur* (01.445.1) Mál nr. SN200093 Skjalnr. 14237

Sverrir Björgvinsson, Hvammsgerði 10, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Sverris Björgvinssonar dags. 4. febrúar 2020 um að setja kvist á þak hússins á lóð nr. 182 við Langholtsveg, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Sverris Björgvinssonar dags. 8. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020 samþykkt.*

5. **Langholtsvegur 184,** *(fsp) færa og stækka byggingarreit fyrir bílskúr og gera bíslag yfir inngang* (01.445.1) Mál nr. SN200106 Skjalnr. 14238

Klara Sól Ágústsdóttir, Dyngjugata 16, 210 Garðabær
Einar Sigurðsson, Langholtsvegur 184, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Klöru Sólar Ágústsdóttur dags. 10. febrúar 2020 um að stækka byggingarreit fyrir bílskúr á lóð nr. 184 við Langholtsveg og færa á vesturhlið lóðarinnar ásamt því að gera skjólvegg með þaki yfir inngang hússins. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020 samþykkt.*

6. **Rofabær 7-9,** *(fsp) uppbygging* (04.334.3) Mál nr. SN200012 Skjalnr. 5962

460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
511099-2429 Arkibúllan ehf, Tómasarhaga 31, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Margrétar Leifsdóttur dags. 8. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 8. janúar 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 7-9 við Rofabæ, samkvæmt tillögu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Friggjarbrunnur 53 (Skyggnisbraut 6),** *skipta íbúð 0101 í tvær íbúðir* Mál nr. SN200133 Skjalnr. 11619

Bartosz Milbrandt, Egilsbraut 18, 815 Þorlákshöfn

Lögð fram umsókn Bartosz Milbrandt dags. 24. febrúar 2020 um að skipta íbúð 0101 í húsinu nr. 6 við Skyggnisbraut (lóð nr. 53 við Friggjarbrunn) í tvær íbúðir. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

8. **Hrísateigur 15,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.360.1) Mál nr. SN200104 Skjalnr. 11447

700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Þórir Jósef Einarsson, Hrísateigur 15, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Vektors, Hönnun og ráðgjöf, ehf. dags. 7. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 7. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 15 við Hrísateig sem felst í stækkun hússins og hækkun um eina hæð, samkvæmt uppdráttum og þrívíddarteikningum Vektors, hönnun og ráðgjöf, ehf. dags. 7. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

9. **Ártúnshöfði, austurhluti,** *breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa* (04.071) Mál nr. SN200134 Skjalnr. 6633

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Ártúnshöfði - Eystri" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku, dags. 21. febrúar 2020.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

10. **Hallveigarstígur 1,** *(fsp) breyting á notkun o.fl.* (01.171.2) Mál nr. SN200113 Skjalnr. 6011

700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 14. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 14. febrúar 2020 um að breyta 3. hæð og inndreginni 4. hæð hússins á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg í íbúðir ásamt því að auka nýtingu 4. hæðar með hækkun á þaki og bæta nýtingu og aðgengi að útisvæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

11. **Kirkjusandur 2, Íslandsbanki,** *forsögn* (01.345.1) Mál nr. SN180773 Skjalnr. 8540

Jónas Þór Jónasson, Krókamýri 72, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lögð fram umsókn Jónasar Þórs Jónassonar dags. 6. nóvember 2018 þar sem óskað eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um ferli um deiliskipulagsbreytingu þar sem skoðað verði að kaupa hugmyndir af nokkrum arkitektastofum um hönnun lóðarinnar og tengsl hennar við nærliggjandi umhverfi og atvinnusögu svæðisins. Einnig eru lögð fram drög að greinargerð Íslandssjóða varðandi tillögukaup dags. 18. desember 2019.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

12. **Njarðargata 47,** *Áður gert að hluta, sameina efstu hæð og ris.* (01.186.604) Mál nr. BN057257 Skjalnr.

Sigurður Gunnarsson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík
Aude Maina Anne Busson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna eignaskiptayfirlýsingar sem felast í því að gerðar voru svalir á norðurhlið, og sótt er um að gera eldhús í rými 0001, sameina

rishæð 0301 við 0201 með því að brjóta niður vegg sem skilur á milli rýma og að auki er innra skipulagi breytt í húsi á lóð nr.47 við Njarðargötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda, ódags., umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. febrúar 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. febrúar 2020. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Smiðjustígur 13,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.151.4) Mál nr. SN200129 Skjalnr. 5919

450710-0830 Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landslaga slf. dags. 20. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 6. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, Þjóðleikhúsreits, vegna lóðarinnar nr. 13 við Smiðjustíg sem felst í að heimilt verði að reka gististarfsemi á lóðinni. Einnig eru lagðar fram útlitsteikningar Úti og inni sf. dags. 26. febrúar 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Snorrabraut 54,** *(fsp) íbúðarbyggð* (01.193) Mál nr. SN200092 Skjalnr. 5450

681116-1920 Snorrabragur ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 4. febrúar 2020 um að byggja um 40 litlar og meðalstóra íbúðir auk þjónustu á hluta 1. hæðar auk bílakjallara í nýbyggingum á lóðinni nr. 54 við Snorrabraut, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags. Fyrirhugað er að í núverandi húsnæði á lóð verði skrifstofur og blönduð þjónusta. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020 samþykkt.*

15. **Mávahlíð 7,** *(fsp) uppbygging á lóð* (01.702.1) Mál nr. SN190587 Skjalnr. 14189

Jón Finnbogason, Mávahlíð 7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóns Finnbogasonar dags. 1. október 2019 um uppbyggingu á lóð nr. 7 við Mávahlíð. Einnig er lagt fram bréf Veitna dags. 7. apríl 2017 ásamt lagnateikningum dags. 1. október 2019. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju ásamt bréf skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. febrúar 2020.
*Frestað, með vísan í bréf skrifstofu sviðsstjóra, dags. 28. febrúar 2020.*

16. **Barónsstígur 47,** *(fsp) auka fjölda gistirýma og/eða vera með verslun og veitingastarfsemi að hluta* (01.193.1) Mál nr. SN200127 Skjalnr. 8990

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
710304-3350 Álftavatn ehf., Pósthólf 4108, 124 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 20. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 19. febrúar 2020 um hvort heimilt er að þróa bygginguna á lóð nr. 47 við Barónsstíg fyrir aukinn fjölda gistirýma og/eða innrétta bygginguna að hluta fyrir verslanir og veitingastarfsemi samkvæmt núgildandi skipulagsheimildum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. febrúar 2020 samþykkt.*

17. **Bergstaðastræti 52,** *(fsp) breyting á notkun 1. hæðar hússins* (01.186) Mál nr. SN200138 Skjalnr. 12584

691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kurt og Pí ehf. dags. 25. febrúar 2020 um breytingu á notkun 1. hæðar hússins á lóð nr. 52 við Bergstaðastræti úr tannlæknastofu í íbúð. Einnig er lagður fram uppdráttur Kurt og Pí ehf. dags. 24. febrúar 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

18. **Frakkastígur 8 (Laugavegur 41B),** *(fsp) rekstur veitingastaðar í flokki II* (01.172.1) Mál nr. SN200132 Skjalnr. 5921

Guðjón Heiðar Hauksson, Háteigsvegur 38, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Guðjóns Heiðars Haukssonar dags. 21. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 21. febrúar 2020 um rekstur veitingastaðar í flokki II að Laugavegi 41B, lóð nr. 8 við Frakkastíg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2020.
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2020.*

19. **Miklabraut 54,** *(fsp) - Bílskúr* (01.702.003) Mál nr. BN057290 Skjalnr. 10004

Pétur Hjálmtýsson, Miklabraut 54, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem spurt er um leyfi til að reisa bílskúr á lóð nr. 54 við Miklubraut.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Rafstöðvarvegur 6,** *(fsp) - Aðgengismál breytt notkun, útlitsbreytingar - Rafstöðvarv. 6-12* (04.255.301) Mál nr. BN057293 Skjalnr. 14247

610417-0270 Teiknistofan Stika ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem spurt er um fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Orkuveitu Reykjavíkur og mögulega breytta notkun og breytingar á byggingum á lóð nr. 6-12 við Rafstöðvarveg.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

21. **Sólvallagata 10,** *Forstofa, lengja aðaltröppur, gluggar o.fl.* (01.160.318) Mál nr. BN056976 Skjalnr. 14216

Árni Oddur Þórðarson, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík
Eyrún Lind Magnúsdóttir, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja nýja forstofu við norðurinngang, lengja aðaltröppur, bæta við glugga til vesturs, síkka glugga á suðurhlið kjallara, gera útskotsglugga á austurhlið, með hurðum út á nýjan sólpall, skipta um klæðningu á þaki, taka niður núverandi skorstein og setja upp nýjan fyrir arin og endurgera steypta veggi að götu í sömu mynd og fyrir eru á einbýlishúsalóð nr. 10 við Sólvallagötu, samkvæmt uppdr. ARGOS ehf. dags. 16. október 2019. Nýjar og breyttar teikningar dags. 10. desember bárust vegna málsins. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 2. desember 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2020. Einnig er lagt fram bréf Argos ehf. dags. 17. febrúar 2020 þar sem óskað er eftir að umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2020 verði dregin til baka eða breytt þannig að byggingarfulltrúa verði unnt að heimila síkkun kjallaraglugga hússins sem snúa að garði og götu. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020 samþykkt.*

23. **Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254,** (01.254) Mál nr. SN200098
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 10057
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugateigur 46, 105 Reykjavík
481007-1780 Al-verk ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 6. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands vegna lóða A og B. Í breytingunni felst stækkun byggingarreita A2 og B1 ofan- og neðanjarðar vegna stigahúss ásamt því að byggingarreitum A6 og B6 er bætt við neðanjarðar og má því byggja samfelldan kjallara á milli A2 og A3 annars vegar og B1 og B2 hins vegar. Hámarkstærð byggingarmagns á reit A2 og B1 lækkar um það magn sem bætist við með nýjum byggingarreitum A6 og B6, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2020.*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Bólstaðarhlíð 25 og 27.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. sbr. 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

24. **Haukdælabraut 68,** *Einbýlishús* (05.114.803) Mál nr. BN057298
Skjalnr.
Gréta María Grétarsdóttir, Úlfarsbraut 2, 113 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt, tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð og innbyggðri bílageymslu.
Stærðir: 347.5 fermm., 1334.9 rúmm. Nýtingarhlutfall A-og B-rými: 5.4. Erindi fylgir mæliblað 5.114.8 útgefið 21. febrúar 2008 og hæðablað 5.114.8 útgáfa A dags. 22. maí 2008. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Lyngháls 1,** *breyting á deiliskipulagi* (04.326.0) Mál nr. SN200088
Skjalnr. 8110
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
470193-2559 Prentmet Oddi ehf., Lynghálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 4. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 4. febrúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Krókhálsi 1, 3 og 4 og Lynghálsi 3.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

26. **Norðurbrún 2,** *Niðurrif* (01.352.501) Mál nr. BN057133
Skjalnr. 7586
510219-1470 Ósvör ehf., Nýhöfn 3, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að rífa hús á lóð nr. 2 við Norðurbrún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.
Stærð: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2020.*

27. **Gelgjutangi,** *framkvæmdaleyfi* (01.428) Mál nr. SN200128 Skjalnr. 5626

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 20. febrúar 2020 um framkvæmdaleyfi að Gelgjutanga sem felst í dýpkun innsiglingarrennu að smábátahöfn Snarfara. Einnig er lagt fram minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 26. maí 2016, minnisblað Hnit verkfræðistofu dags. 26. febrúar 2020 og vinnuteikningar Hnit verkfræðistofu dags. 25. og 27. febrúar 2020

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Hádegismóar,** *skipulagslýsing - nýtt deiliskipulag* (04.41) Mál nr. SN200054 Skjalnr. 8106

440169-2879 Bandalag íslenskra skáta, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

Gunnar Bergmann Stefánsson, Mánatún 3, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Gunnars Bergmanns Stefánssonar f.h. Bandalags íslenskra skáta dags. 22. janúar 2020 ásamt skipulags- og matslýsingu vegna gerðs nýs deiliskipulags fyrir Hádegismóa. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýjar höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

29. **Kjalarnes, Barnalundur,** *tillaga íbúaráðs Kjalarness* Mál nr. SN200141 Skjalnr. 10190

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Kjalarness frá fundi 13. febrúar 2020 um að Barnalundur fái formlegan sess í skipulagi hverfisins er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir Ólafur Melsted.